

**AMNESTY  
INTERNATIONAL**



Félags- og vinnumarkaðsráðuneyti  
Síðumúla 24  
108 Reykjavík

Reykjavík, 30. september 2024

## **Efni: Umsögn Íslandsdeildar Amnesty International um drög að tillögu til þingsályktunar í málefnum innflytjenda**

Íslandsdeild Amnesty International fagnar framkomnum drögum að þingsályktunartillögu í málefnum innflytjenda. Gríðarlegar breytingar eiga sér stað jafnt og þétt í málaflokki um innflytjendur og flóttafólk. Því er mikilvægt að þróa innviði í takt við þær. Deildin fagnar þeim skrefum sem tekin eru til þess að bæta úr aðstæðum innflytjenda og flóttafólks hér á landi og að þeim verði tryggð lögbundin mannréttindi.

Deildin fagnar því einnig að áhersla virðist lögð á að flóttafólk fái nauðsynlega aðstoð til virkrar þátttöku í samfélaginu, hvort sem er á vinnumarkaði, til náms eða á öðrum sviðum. Leggja verður áherslu á aukinn stuðning og jafna þjónustu við flóttafólk. Í drögum er fjallað um öflugan og snemmtækan stuðning við flóttafólk. Að brýnt sé að efla frekar snemmtækan stuðning við fólk sem fær hér dvalarleyfi og tryggja flóttafólki þjónustu frá verndarveitingu með það að markmiði að valdefla það og styðja við að ná rótfestu í nýju samfélagi.

Deildin vill nota tækifærið og hvetja stjórnvöld til að innleiða hugmyndafræði Bakhjarla flóttafólks (e. Community sponsorship) í móttökukerfi Íslands. Hugmyndafræðin virðist samræmast framtíðarsýn og meginmarkmiðum stefnunnar eins og þau eru sett fram í drögum. Undanfarin ár hafa Bakhjarlar flóttafólks vakið stigvaxandi athygli og sífellt fleiri ríki bæði innan og utan Evrópu tekið upp þessa leið. Með því móti hafa þau meðal annars mætt alþjóðlegum skuldbindingum sínum um að tryggja fleiri öruggar og lagalegar leiðir og tekið á móti fleira flóttafólki. Tilraunaverkefni byggð á hugmyndafræðinni hafa nýverið verið sett á laggirnar í Svíþjóð og Finnlandi, svo dæmi séu tekin.

Kjarni hugmyndarinnar á bakvið Bakhjarla flóttafólks er sameiginleg ábyrgð borgaralegs samfélags og ríkisins í inngildingu flóttafólks. Um er að ræða ferli þar sem einstaklingar úr hópi almennra borgara, hópar eða samfélög bjóða félagslega, sálræna, hagnýta og stundum fjárhagslega aðstoð við móttöku og inngildingu flóttafólks í eigin landi yfir tilgreint tímabil. Sýnt hefur verið að Bakhjarlar flóttafólks auðveldar inngildingu flóttafólks. Bakhjarlar eru formlegur og dyggur stuðningshópur sem dregur úr félagslegri einangrun flóttafólks, fordómar og hatur í garð útlendinga minnka, samfélagsgerðin styrkist og flóttafólk lærir tungumálið fyrr.

Íslandsdeild Amnesty International hvetur íslensk stjórnvöld til að skoða af einurð og alvöru að innleiða Bakhjarla flóttafólks inn í fyrirhugað móttökukerfi flóttafólks hér á landi.

Að lokum fagnar deildin því að stefnt sé að gerð metnaðarfullrar langtímastefnu í málefnum innflytjenda þar sem áhersla er lögð á inngildingu, jafnrétti og mannréttindi. Deildin lýsir yfir vilja og áhuga til samráðs varðandi aðgerðir í þingsályktuninni og eru fulltrúar hennar reiðubúnir að gera frekari grein fyrir ofangreindum sjónarmiðum.

Virðingarfyllst



---

Anna Lúðvíksdóttir  
Framkvæmdastjóri Íslandsdeildar Amnesty International